

REGLUGERÐ

fyrir Séreignalífeyrissjóðinn.

I. KAFLI

Nafn, heimili og tilgangur.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Séreignalífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að tryggja sjóðfélögum og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt þeim reglum sem fara hér á eftir.

II. KAFLI

Sjóðfélagar og framlög þeirra.

3. gr.

Félagar í sjóðnum geta orðið allir einstaklingar sem leggja stund á sjálfstæða starfsemi eða er ekki skylt, lögum samkvæmt, að vera í öðrum lífeyrissjóðum.

Jafnframt geta einstaklingar, sem skylt er, lögum samkvæmt, að greiða í aðra lífeyris-sjóði, greitt viðbótariðgjöld í sjóðinn.

Þeir sem gerast vilja sjóðfélagar skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntökubeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.

4. gr.

Sjóðfélögum er frjálst að ákveða fjárhæð framlags síns til sjóðsins. Framlag sjóðfélaga svo og gjalddagi iðgjalda takmarkast þó af ákvæðum laga um lágmarksgreiðslur í lífeyris-sjóð og eindaga greiðslna á hverjum tíma.

Gerist einstaklingur sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé sem hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.

Sjóðurinn skal a.m.k. tvisvar á ári senda út yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur og eignastöðu sjóðfélaga. Að öðru leyti ber sjóðurinn ekki ábyrgð á iðgjaldagreiðslum.

5. gr.

Fé það sem lagt er inn í nafni sjóðfélaga skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélagi þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líftrygginga eða heilsu-trygginga vegna tímabundinnar eða varanlegrar örorku hjá aðila sem hefur lagalega heimild til að veita slíkar tryggingar.

Nettótekjur sjóðsins skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

III. KAFLI Lífeyrisgreiðslur.

6. gr.

Inneignir sjóðfélaga greiðast þannig:

1. Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára að aldri, á rétt á að fá inneign sína greidda smám saman. Skal miðað við að innstæðan verði greidd með jöfnum árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar áður en hann nær 60 ára aldri.
2. Deyi sjóðfélagi fellur inneign hans í sjóðnum til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hluta barna, undir 18 ára aldri, ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár eða á þau ár, sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er. Hluta eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á minnst 10 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum þessarar greinar ef innstæðan er svo lítil að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:

- a. Til sjóðfélagsins 125% þess árgjalds sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
- b. Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir lið a.
- c. Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir lið a.

Í þeim tilvikum, sem talin eru undir stafliðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó svo að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum sem þar eru taldar.

Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

7. gr.

Nú gerist sjóðfélagi, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, og er stjórn sjóðsins þá heimilt að greiða alla inneign sjóðfélagsins í einu lagi. Það er skilyrði þess að greiða megi alla inneignina í einu lagi að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda um samskipti lífeyrissjóða. Kostnaður við flutning inneignarinnar telst vera 1,5% og greiðist af inneign sjóðfélaga.

IV. KAFLI Ávöxtun eigna sjóðsins.

8. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Í innlendum bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 50% af markaðsvirði fasteignar eða brunabótaverði hennar sé það lægra.
5. Í skuldabréfum banka og annarra fjármálastofnana enda séu þær háðar eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands.

6. Í öðrum innlendum skuldabréfum en þeim sem að framan greinir, að því tilskildu að skuldabréfin séu skráð á Verðbréfafingi Íslands.
7. Í innlendum hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfafingi Íslands. Þó er óheimilt að verja hærra hlutfalli en 15% af eignum sjóðsins til kaupa á innlendum hlutabréfum.
8. Í hlutdeildarskírteinum innlendra verðbréfasjóða. Þó er óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 15% af eignum sjóðsins til kaupa á slíkum bréfum.
9. Í erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 15% af eignum sjóðsins til kaupa á erlendum verðbréfum.
10. Í verðbréfum og afleiðusamningum sem ætlað er að verja eignir sjóðsins gagnvart sveiflum í erlendum myntum, vaxtasveiflum og öðrum þeim breytingum sem taldar eru geta ógnað ávöxtun sjóðsins.

Lífeyrissjóðnum er óheimilt að fjárfesta í fasteignum nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins. Þó er sjóðnum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins.

V. KAFLI

Rekstrarfyrirkomulag og stjórn sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur skipuðum af Búnaðarbanka Íslands og tveimur kjörnum á almennum fundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn.

Einn varamaður skal tilnefndur af Búnaðarbanka Íslands og annar kjörinn á almennum fundi sjóðfélaga. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi.

Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður kveður til stjórnarfundar og skal fund halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til að skuldbinda sjóðinn.

10. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli sjóðsins og Búnaðarbankans. Þetta samkomulag skal sent lífeyrissjóðaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

VI. KAFLI

Reikningar sjóðsins og endurskoðun.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Löggiltir endurskoðendur Búnaðarbanka Íslands skulu jafnframt vera endurskoðendur sjóðsins. Að auki skal almennur fundur sjóðfélaga kjósa tvo menn til þriggja ára í senn til að yfirfara ársreikninga sjóðsins.

Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið og leggur hann fyrir endurskoðendur sjóðsins er ljúka skulu athugun hans fyrir lok næsta mánaðar. Skal ársreikningur liggja frammi á aðalstarfsstöð Búnaðarbanka Íslands, eða þeim er hann vísar til, til athugunar fyrir sjóðfélaga. Ársreikningur skal einnig sendur lífeyrissjóðaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til athugunar.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, svo og samkvæmt reglum er kunna að verða settar um ársreikning lífeyrissjóða. Endurskoðendur skulu staðfesta með áritun á ársreikninginn að reikningurinn og bókhald sjóðsins, sem hann er byggður á, sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði þessara samþykkt. Jafnframt skal í áritun endurskoðenda felast staðfesting á því að allar þóknarir og launagreiðslur, svo og bótagreiðslur, er sjóðurinn hefur greitt, hafi verið réttilega gefnar upp til skattýfirvalda.

VII. KAFLI

Fundir sjóðfélaga.

12. gr.

Samþykktum þessum má breyta á almennum fundi sjóðfélaga með 2/3 greiddra atkvæða, enda hafi tillögur til breytinga á samþykktum fylgt fundarboði. Atkvæðisréttur sjóðfélaga miðast við inneign þeirra við næstliðin áramót. Til breytingarinnar þarf jafnframt samþykki bankastjórnar Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Skýlt er stjórn sjóðsins að boða til almenns fundar sjóðfélaga á a.m.k. þriggja ára fresti vegna kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., svo og til breytinga á samþykktum þessum eða kynningar á högum og starfssemi sjóðsins þegar þess er óskað með skriflegri beiðni sjóðfélaga er ráða yfir a.m.k. 10% af heildarinnstæðum í sjóðnum við næstliðin áramót.

VIII. KAFLI

Önnur ákvæði.

14. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum, hvort heldur sem er heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.

15. gr.

Vilji sjóðfélagi, eða erfingjar sjóðfélaga, ekki hlíta úrskurði stjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn getur hann, eða þeir, lagt málið fyrir gerðardóm. Sjóðfélagi skal þá tilkynna stjórn sjóðsins það bréflega innan mánaðar frá því að hann fékk úrskurð hennar og jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu. Stjórn sjóðsins ber þá að tilnefna gerðardómsmann innan tveggja vikna. Þeir koma sér síðan saman um oddamann, en takist það ekki skal hann skipaður af Lagastofnun Háskóla Íslands. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki skotið til almennra dómstóla.

16. gr.

Starfsemi lífeyrissjóðsins er háð lögum um lífeyrissjóði eins og þau eru á hverjum tíma. Ákvæði í samþykktum þessum breytast því til samræmis við breytingar á lögum sem starfsemi sjóðsins heyrir undir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Séreignalífeyrissjóðsins skal á stofnfundi kjörin af Búnaðarbanka Íslands og skipuð þremur mönnum og einum til vara fram að fyrsta almenna fundi sjóðfélaga.

Fram að fyrsta almenna fundi sjóðfélaga skulu löggiltir endurskoðendur Búnaðarbanka Íslands vera endurskoðendur sjóðsins.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi lífeyrissjóðsins.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 17. janúar 1997.

Davíð Oddsson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Laugardalshreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Laugardalshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	Kr.
1. Sorpeyðingargjald á hvern sumarbústað	2.000
2. Sorpeyðingargjald á hverja íbúð hreppsins	3.000
3. Sorpeyðingargjald á fyrirtæki með rekstur	5.000
4. Sorphreinsunargjald á hverja tunnu á Laugarvatni	5.200

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Laugardalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.